Verkalýðsblaðið

2.tölublað 10.árgangur 4.mars 1981 Verð kr 4.oo

Misferli á Suðurnesjum?

Togarinn leggur upp aflann í frystihús þess fyrirtækis sem gerir hann út. Túrinn stendur jafnan yfir í 10-12 daga og 50% fisksins er orðinn hálfmorkinn. Við skipshlið metur matsmaður í opinberri þjónustu mestallan fiskinn í 3. flokk. Hlutaskipti áhafnarinnar ráðast af verðinu fyrir hálfónýtt hráefni og eru auðvitað lakari en ella. Ísaður fiskurinn færður til vinnslu, settur í blokk og 5 lbs-pakkningar á Bandaríkjamarkað. Matsmaður frystihússins metur fiskinn í 1. flokk og söluverðið er með hæsta móti. Ótrúleg bíræfni? Útbreitt svindl?



Verksmiðja Coldwater í Everett í Bandaríkjunum. Skyldu kvartanir um lélega vöru á markaðinum, m.a. stafa af því að lélegt hráefni sé metið í of háan gæðaflokk?

Til á Suðurnesjum?

Verkalýðsblaðið hefur heimildir sjómanns af Suðurnesjum fyrir því að eitthvað þessu líkt sé altíða í sumum útgerðarplássum hér suðvestanlands. Til dæmis að taka er Hraðfrystihús Keflavíkur sem er í eigu samvinnufyrirtækis að meirihluta til og gerir út tvo togara auk frystihússrekstrurs. Annar togarinn er oftar í löngu úthaldi en hinn og kemur iðulega inn með 2. og 3. flokks fisk. Ekki er ljóst hver ákveður fjölda úthaldsdaga. Á hinn bóginn er furðulegt að menn láti fiskinn fremur skemmast en að fara í land með nokkru minni en mun dýrmætari afla. Þá læðist að manni sá grunur að fyrirtækið reyni meðvitað að spara sér útgjöld til sjómanna EF það getur tryggt að aflinn verði "metinn upp" á eiginn vegum eftir að aflamati við skipshlið er lokið.

Lítið eftirlit.

Okkur er ekki kunnugt um að yfirvöld fylgist með

framhald á síðu 2

LESBÓK 3-6

El Salvador logar 7

8. mars .. barráttudagur kvenna! baksíða

BSRB-samningarnir

Enn einu sinni hefur forysta BSRB gert kjarasamning. Það sem tók mennina áður á 14. mánuð tók nú aðeins örfáa klukkutíma. Út af fyrir sig er ekki rangt af forystunni að semja, jafnvel þótt það sé aðeins upp á 2-3% og reyndar meira fyrir hærra launaða, en nokkur atriði eru óneitanlega athugaverð við meðferð málsins.

Láglaunastefnan fyrir bí.

Auðvitað er láglaunastefna forystu BSRB fyrir bí í bili að minnsta kosti því nú fá hinir hærra launuðu allt að 6% hækkun en hinir lægra launuðu, sem eru meginþorri opinberra starfsmanna, fá 2-3%. Þetta er svo augljóst að meira að segja forysta BSRB sér þetta og skilur.

Á hinn bóginn er það álitamál hvort opinberum starfsmönnum og öðrum launþegum er nokkur eftirsjá í láglaunastefnunni því hún hefur lítið fært launþegum annað en lág laun, auk þess sem ýmsir formælendur þessarar stefnu í forystu stéttarfélaga hafa notað þessa stefnu til að etja launþegum hverjum á móti öðrum.

Að fá 2% fyrir 7%.

Ekki er minna illskiljanleg reikniskúnst forystunnar. Samið er um 2-3% kauphækkun handa þorra opinberra starfsmanna við ríkisstjórn sem er að bollaleggja 7% skerðingu á vísitölubótum á næstu dögum í ofanálag við það sem hún hefur gert nú þegar. Það er undarleg talnaspeki að menn eigi að gera sig ánægða með að fá aðeins bætt smábrot af kjaraskerðingunni.

Að vísu er forysta BSRB skotheld sem fyrri daginn. Það stóð nefnilega ekki til að semja um annað en "samræmingu við taxta BHM" vegna Kjaradómsins um daginn. Þess vegna var það blátt áfram stefna forystunnar að semja ekki um annað.

Samningstíminn lengdur.

Það er ekki nóg með að kröfurnar séu hógværar heldur er ríkisstjórninni gefið leyfi til að halda áfram að stela af kaupinu út allt árið í friði fyrir opinberum starfsmönnum.

Samningarnir frá í haust eru semsagt framlengdir um fjóra mánuði eða til næstu áramóta. Og sem fyrr vantar ekki rökstuðning forystunnar, það er nefnilega miklu betra fyrir opinbera starfsmenn að hafa þetta svona því þá verður samningur BSRB gerður á eftir samningi ASÍ í næsta skipti. Að vísu skilur ekki nokkur maður af hverju þetta er betra enda hefur

framhald á síðu 7

Forystumenn BSRB hafa nú samið um breytingar á kjarasamningi sem samþykktur var í allsherjaratkvæðagreiðslu - og ætla ekki að spyrja félagsmenn sína álits.

Verkalýðsblaðið

Útgefandi: Kommúnistasamtökin
Ritstjóri: Ómar Harðarson (ábm)
Aðsetur: Frakkastígur 14 (í húsnæði Októberbúðar)
Opnunartími: kl 15-17 á þriðjudögum og 16-18 á föstudögum.
Sími: 29212
Pósthólf: 5186 125 Reykjavík
Girónr.: 12200-9
Prentað í prentsmiðju blaðsins

Stjórnlausar fjárfestingar

Togarakaup erlendis frá og reyndar einnig frá innlendum skipasmíðastöðvum vekja gjarnan mikið umtal í fjölmiðlum og manna á meðal.

Nýjasta dæmið er togarinn til Þórshafnar og Raufarhafnar. Þegar þetta er skrifað er ekki vitað hvernig þessu máli muni reiða af Ráðherrar, þingmenn, stórnarmenn Framkvæmdastofnunar og fleiri háttvirtir kjörnir fulltrúar þjóðarinnar eru enda svo uppteknir við að koma sökinni hver yfir á annan. En auðvitað leysist málið von bráðar en ekki fyrr en öllum hefur verið kennt um og þar með að gleymst hafi hvað var athugavert við málið.

Kjörnu fulltrúunum er nefnilega mikið í mun að leysa málið þannig að þeir standi jafnuppréttir eftir sem áður. Mál sem þetta sýnir okkur vel vinnubrögð þessara herra sem eru nú að bollaleggja að fjölga sér.

En auðvitað er þetta aðeins önnur hlið málsins. Hin er ekki ómerkari og hún lýtur að skipulagningu fjárfestinga og framleiðslu í landinu.

Það eru fleiri togarar keyptir til landsins en þörf er á til að veiða þann fisk sem veiða má. Afleiðingin verður sú að togaraútgerð ber sig illa og útgerðarmenn heimta ríkisstyrki og laun sjómanna lækka með minnkandi afla á hvert skip. Sóunin er þannig geigvænleg og allsekki bundin sjávarútvegnum einum heldur má benda á áþekk dæmi úr öðrum atvinnugreinum.

Samningar BSRB

Enn á ný hefur forysta BSRB gert kjarasamning við ríkisstjórnina. Útaf fyrir sig er það góðra gjalda vert enda er þetta þeirra hlutverk. Reyndar er þetta einnig gleðilegur atburður þegar litið er til þess að síðast tók þetta verk forystuna á 14. mánuð en nú örfáa klukkutíma.

En það er ekki nóg að gera samning samningsins vegna eða til þess eins að blekið þorni ekki í pennanum. Samningur verður að færa launþegum bætt kjör.

Það verður tæplega sagt um þennan samning.

Í fyrsta lagi er kauphækkunin afar lítil og ekki nema brot af því sem ríkisstjórnin hefur stolið af launþegum fram að þessu, auk þess sem mest hækkun kemur á hæstu laun.

Í öðru lagi hlýtur það að teljast vafasamt í meira lagi að framlengja kjarasamning við ríkisstjórn sem bollaleggur áframhaldandi kjaraskerðingu.

Þannig er nokkuð ljóst að samningur þessi er lítils virði fyrir opinbera starfsmenn.

En forystan bítur þó höfuðið af skömminni með því að bera samninginn ekki undir opinbera starfsmenn í allsherjaratkvæðagreiðslu eins og þeim bæri enda er verið að breyta nýgerðum kjarasamningi sem hafði verið samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Forystan hefur með nokkrum rétti getað státað af vissu lýðræði innan hreyfingar opinberra starfsmanna. En þessi réttur forystunnar hefur minnkað verulega.

Tvær leiðréttingar

Í 1. tbl. ársins voru tvær meinlegar villur sem þarf að leiðrétta. Sagt var frá því að menn úr ýmsum stjórnmálasamtökum og flokksleysingjar ynnu að því að fá hingað fulltrúa afganskra þjóðfrelsismanna. Var síðan vísað í sérstaka grein sem vera átti í þessu tölublaði (nr.1). Greinin sú varð aldrei til vegna þess að engar nýjar fréttir voru af undirbúningi heimsóknarinnar. VBL biður lesendur velvirðingar á mistökunum.

Þá kom það fram í pistli frá samtökunum að nýr opnunartími væri hjá skrifstofu þeirra að Frakkastíg 16, - þriðjudaga og föstudaga. Rangt var farið með seinni daginn. Opnunartíminn er:
ÞRIÐJUDAGA KL: 3-5 sd.
og FIMMTUDAGA KL: 4-6 sd.
Síminn er 29212. Utan þessa tíma má reyna síma 35904 eftir kl. 5 sd.

- agé.

Úr starfinu

Kommúnistasamtökin sendu Sambandi ísl. bankamanna stuðningsyfirlýsingu í verkfalli og dálitla upphæð í verkfallssjóð. Í bréfi frá SÍB þar sem KS er þakkaður þessi stuðningur kemur fram að engin önnur félög eða samtök hérlendis hafa stutt réttmæta baráttu bankamanna. Þykir okkur þetta miður og er reyndar með eindæmum hvað samhyggja og stuðningur er lítill milli baráttufólks, - sérstaklega ef málefnið er ekki mjög stórt í sniðum.

Af tilraunum til að fá hingað einn fulltrúa afganskra þjóðfrelsisafla er fátt að frétta. Búið er að safna um 20 undirskriftum fólks sem vill greiða fyrir komu hans hingað (15.2.) Vonandi getum við birt frekari fregnir í þessu tbl.

Nýlega kom út 1. tbl. fréttabréf þess hóps í verkalýðshreyfingunni sem berjast vill fyrir harðari stefnu hennar, sjálfstæði og auknu lýðræði. Ritið heitir "ANDSTAÐA" og flytur aðallega efni eftir Guðmund Sæmundsson og Árna Sverrisson. Að ritinu standa menn úr Alþýðubandalagi, Kommúnistasamtökunum, Fylkingunni og utanflokka. Efni, framlögum og pöntunum má koma til

Rúnars Sveinbjörnssonar, Óðinsgötu 24, R (sími 18407) og Hálfdáns Jónss. Mánagötu 23, R (sími 28162).

Samtökin hafa sent fóstrum í Reykjavík, Kópavogi og á Akureyri stuðningskveðjur vegna kjarabaráttunnar sem fóstrur eiga nú í. Þá sendu þau einnig kveðjur til samanna sem eru í hungurverkfalli í Oslo, til norskra blaða og forsætisráðherrans með kröfum um að norsk stjórnvöld gangi að kröfum sama. Viljum við hvetja aðra til þess að styðja þessa merku baráttu. Skrifa má til Oslo Samid Særvi C.J. Hambros pl. 2, Oslo 1 og Folkeaksjonen, boks 2262, 95lo Elvebakken, Norge.

9. feb. sl. héldu KS síðasta umræðu- og kynningarfund sinn um nýja stefnuskrá. Rætt var um utanríkisstefnu kommúnista, gestur var Einar Karl Þjóðviljaritstjóri. Fundarmenn voru alltof fáir, aðeins 12, en fundurinn prýðilega heppnaður að öðru leyti. Þykir rétt að gagnrýna félaga og stuðningsmenn KS og framsækið fólk fyrir letina, en fundurinn var ágætlega auglýstur. Stefnuskráin liggur fyrir fjölrituð í lok febrúar. Pöntunarsími er 35904. Í mars eða apríl mun stefnuskráin svo birtast sem fylgirit með Verkalýðsblaðinu. Við bendum loks á pistla frá Akureyri í blaðinu að þessu sinni. Lofum fréttum frá Ísafirði næst.

- agé.

Misferli á Suðurnesjum?

framhald af forsíðu

samræmi milli verðmats við skipshlið og afurðamats fiskvinnslunnar. Reyndar koma opinberir matsmenn öðru hvoru í heimsókn í frystihúsin og skoða "stikkprufur" af vörunni. En þeir láta alltaf vita af komu sinni með nokkrum fyrirvara og því auðvelt að undirbúa heimsóknina.

Kannski er hér komin ein skýringin á mörgum kvörtunum um skemmdan fisk sem borist hafa frá Bandaríkjunum.

Fyrirvari.

Verkalýðsblaðið tekur það skýrt fram að það er hvorki að vega að matsmönnum sem starfsgreinarhópi né heldur getum við sannað að um misferli sé að ræða. Hið opinbera verður samt að rannsaka starfshætti fyrirtækja sem bent er á af þessu tilefni. Raunar er ótrúlegt að orðrómur hafi ekki náð eyrum einhverra skriffinna fyrir löngu. Hér er brýnt verkefni handa Steingrími og liði hans.

Fleiri maðkar í ....?

Sami heimildarmaður okkar kunni ljótar sögur af öryggismálum um borð í stöku togara af Suðurnesjum. Hann vissi einnig til þess að matsmaður í Sandgerði hafi farið í orlof en undirritað fyrir brottför nokkur matseyðublöð handa fyrirtækinu til notkunar í fjarveru hans. Loks þekkti hann til þess að bílar handa toppmönnum útgerðarfyrirtækja væru reknir að hluta til með því að skrá t.d. bensín á úrsérgengnar vinnuvélar - sem minnir reyndar á margt úthaldið hjá atvinnurekendum annars staðar.

Verkalýðsblaðið heitir á lesendur að hjálpa til við að hreinsa fyrirtæki í fiskiðnaði af orðrómi þessum eða taka þau "á beinið" ef með þarf.

- agé.

Eining á Akureyri: Kröfur um lýðræði

Nokkrir félagar í Verkalýðsfélaginu Einingu á Akureyri, hafa lagt fram tillögur um lagabreytingar sem miða að auknu lýðræði innan félagsins. Einn þeirra, Guðmundur Sæmundsson, skrifaði kjallaragrein í Dagblaðið 31.janúar og greindi þar frá tillögunum. Verkalýðsblaðið hafði samband við Guðmund og spurði hvernig málin stæðu.

Samkvæmt lögum Einingar á að halda aðalfund í febrúar og viku áður skal halda fund til að kynna lagabreytingar. Hvorugur fundurinn hefur verið haldinn enn.

Tillögurnar hafa hlotið dræmar undirtektir hjá forystumönnum Einingar og virðast þeir halda sig geta svæft þær með því að draga að halda fund.

Félagarnir sem að tillögunum standa hafa gefið út dreifirit sem hengd hafa verið upp á vinnustöðum og dreift fyrir utan þá staði sem þau hafa ekki fengist hengd upp á, en þeir eru m. a. Útgerðarfélag Akureyrar, en þar situr í stjórn Jón Helgason formaður Einingar. Háfa tillögurnar almennt fengið góðar undirtektir.

Prófkjör?

Vegna þess hve erfitt er fyrir almenna félagsmenn að hafa áhrif á val stjórnarmanna, nema þeir séu í samtökum um það, eru lagðar til breytingar á uppstillingu til stjórnar. Felst breytingin í því að haldið sé prófkjör og stjórnarlista stillt upp eftir niðurstöðu þess.

Valddreifing

Til þess að stefnumótun og framkvæmd ákvarðana, sé ekki öll í höndum örfárra manna, er lagt til að menn gegni ekki fleiri en tveim trúnaðarstöðum fyrir félagið samtímis. Einnig er gert ráð fyrir takmörkum á því hve lengi menn geti setið í stjórn samfleytt.

Ýmsar úrbætur

Tillögur eru um breytt form á fundum, til þess að virkja betur þá sem ekki eru þeim mun fundarvanari og frakkari. Einnig er lagt til að fundir verði fleiri og styttri og að haldnir séu vinnustaðafundir.

Loks eru tillögur um aukið fræðslustarf og útgáfustarf og sitthvað fleira.

-/ess.

LESBÓK

Fylgt úr hlaði

NÝJUNG Í ÚTGÁFU VBL.

"Án byltingarsinnaðrar fræðikenningar - engin byltingarsinnuð hreyfing" er kjörorð sem eitt sinn var í hávegum haft. Hugmynda og starfskreppa kommúnistahreyfingarinnar hefur nú - illu heilli - orðið til þess að þessi meitluðu orð hafa fallið í gleymsku. En kjarninn í boðskap þeirra er sá, að án skilnings og þekkingar kommúnistanna á eðli og framvindu þjóðfélagsins, mun ekki takast að skapa þá einhuga sveit byltingarmanna sem heyr vísvitaða baráttu fyrir breyttum þjóðfélagsháttum. Það er vitund kommúnistanna, og að lokum alls hins stritandi fjölda um stöðu sína, getu, vilja, markmið og framtíð sem ræður úrslitum um velgengi eða torgengi á leiðinni til sósíalisma.

Þeim síðum sem nú og framvegis 3. til 4. hvern mánuð munu fylgja Verkalýðsblaðinu er ætlað að ýta úr vör nýrri umræðu í og umhverfis Kommúnistasamtökin, verða hvati til þekkingaröflunar og gagnrýninnar umfjöllunar um sósíalisma og sósíalíska baráttu. Þær verða opnar ólíkum sjónarmiðum og deilum, sem ætla má að skerpi skilning á einhvern hátt.

- as.



Nýir tímar — ný viðhorf

Reynslan úr starfi Einingarsamtakanna og Kommúnistaflokksins sem mynduðu saman hin nýju Kommúnistasamtök er fjölbreytt. Hún kennir okkur m.a. margt um starfshætti, skoðanabaráttu og afstöðu til þeirra sem eru ekki á sama máli og maður sjálfur.

Í tveimur greinum sem birtast í þessu og næsta tölublaði mun Ari T. Guðmundsson, formaður KS, reifa þessa reynslu.

ÓFULLNÆGJANDI ÁRANGUR.

Kommúnistar eiga ekki miklu fylgi að fagna á Íslandi um þessar mundir. Að vísu er stutt síðan marxistar hófu skipulögð störf eftir eyðileggingu Kommúnistaflokks Íslands. Það eru varla 10 ár síðan. Stutt starfstímabil er þó ekki meginorsök lítils fylgis. Orsökin er pólitísk.
Í því efni er heldur ekki hægt að leggja mesta áherslu á bernskuglöp eða misskilning. Mergurinn málsins er sá að við höfum grandskoðað starfið og fundið stjórnmálavillur af tvennu tagi - villur sem voru okkur meðvituð og rétt stefna um tíma.

Í einn stað er það bókstafstrú og stífni með óreyndar og hraðsoðnar hugmyndir sem hafa tafið stefnumótun og vakið vantraust meðal fólks. Í annan stað hafa kommúnistarnir haft meingallaða afstöðu til starfsháttasinna og skoðanabaráttu umhverfis samtökin. Við þessa afstöðu ætla ég að dvelja.

Hún lýsir sér í því að umræður hafa verið keyrðar áfram og stefnumótun meira miðuð við hraða en gæði. Við gerðum ráð fyrir því að stefnan væri eiginlega alltaf rétt og forðuðumst að ræða hana nema innan samtakanna ("til hlýtar") áður en hún var birt.
Í þessari innri umræðu og einnig eftir að stefnan var birt, var háð "hörð" skoðanabarátta sem tók lítið tillit til þess hver átti í hlut og hvað sá sagði - lítið umburðarlyndi var harla áberandi.
Við rugluðum líka saman nauðsyn þess að vinna vel og standa saman og svo aftur því að samtökin væru 100% sammála um allt útávið. Mér er líka til efs að við höfum tekið nægjanlegt tillit til áhugamála, aðstæðna og pólitískrar færni hvers og eins innan raða okkar.

Þetta segi ég allt þrátt fyrir að marx-leninistar hafi náð árangri - vegna þess að árangurinn er ekki nógu mikill og þetta er niðurstaða umræðna meðal okkar.

REYNSLA ANNARRA.

Í kjarna sínum snúast allir galla á starfi okkar um lýðræðið - áhrif einstaklingsins. Og lýðræði þrífst illa ef menn skilja illa að hlutir (samtökin) breytast og þróast fyrir áhrif baráttu andstæðna - t.d. ólíkra skoðana.
Maður verður nefnilega að gera andstæðunum hátt undir höfði og liðka baráttu þeirra.

Það er nokkurs virði að skoða sögu kommúnistaflokka víða um heim í þessu tilliti. Sífellt skiptast þar á tímabil hægri slagsíðu og "vinstri" róttækni. Stefna í máli er þessi eitt árið og svo þveröfug hitt. Er þetta ekki óhjákvæmilegt?

Ofurróttæknin er algeng í bernsku flokka, meðan þeir þykjast vera að "afmarka sig frá öllum". Viðbrögð flokkanna eru fróðleg þegar frá líður. Í Kommúnistaflokki Sovétríkjanna var byssan látin tala með illum afleiðingum oftar en ekki. Í Kommúnistaflokki Kína stafaði "vinstri" róttæknin ekki hvað síst af of mikilli fylgispekt við Komintern sem fór oft villur vega. Sveigjanleiki Maós o.fl. og virðing þeirra fyrir kínverskum aðstæðum færði ósigur ofurróttækninnar í höfn og þar vógu umræður þyngst, ekki hreinsanir.

Afdrif Kommúnistaflokks Íslands urðu hraklegri. "Vinstri" róttæknin þar var vissulega andsvar við sterkum kratisma í flokknum. En hún var mjög kreddubundin og reyndi lítt að virkja almenna flokksmenn. Henni var mætt með öfgum á hinn bóginn. Byltingarsinnuð stefna KFÍ var rifin niður og bitlausar starfsaðferðir þingsalaflokksins teknar upp. Á endanum var KFÍ lagður niður og stofnaður Sósíalistaflokkurinn sem hafnaði marxismanum í raun. Íslenskir kommúnistar ættu að gaumgæfa vel hættuna á því að kommúnísk hreyfing lognist út af þegar verið er að leiðrétta "vinstri" öfga.

SKORTUR Á LÝÐRÆÐI.

Deilurnar í KFÍ einkenndust af gróusögum, ýkjum og röngum upplýsingum málsaðila til almennra félaga. Menn voru alvondir eða algóðir og því mikið um að félagar væru stimplaðir þetta eða hitt eða jafnvel reknir úr flokknum. Mikið skorti á að reynt væri að láta deilur snúast um fáein aðalatriði og taka tillit til skoðana félaganna.
Síðan þegar Komintern setti fram samvinnustefnu sína við krata gegn fasismanum var hún notuð til að kýla "vinstri" sinnana niður og búin til ný réttlína. Það gerðu forystumenn án almennilegrar stefnumótunar félaga.

Í stuttu máli: Málamynda lýðræði var notað til að útvega mönnum með fyrirfram mótaðar skoðanir ákveðinn gæðastimpil á þær. En lýðræði er til þess að móta í sífellu nothæfa stefnu sem er raunverulega umtalsverð sameign flestra félaga flokksins og til að leiðrétta mistök. Vissulega krefst slíkt að menn séu duglegir við að starfa þrátt fyrir minnihlutaskoðun sína og eins að mikil frávik frá meirihlutaskoðuninni séu leyfð.

Í kommúnistaflokki Kína hafa djúptæk skoðanaátök átt sér stað ellefu sinnum - sjálfsagt misþörf og misfarsæl. Deng Sjaóping, Líu Sjaósí og jafnvel Sjú Enlai hafa verið boðberar hins illa annan daginn en hetjur hinn. Sannleikurinn er líkast til sá að þessir menn hafa verið mistækir marxistar og gert margt gott fyrir Kína. Ætli hlutur Lín Biaós í frelsisstríði Kína verði af honum skafinn? Kommúnistar geta hætt að vera kommúnistar og jafnvel orðið miklir skemmdarverkamenn, en það verður að meta slíkt hlutlægt, varlega og meðhöndla menn eins og sanngjarnt er.

Kommúnistar verða að hafa víðsýni og slík tök á marxismanum (samspili andstæðna) að þeir geti skilið skoðanabaráttu í flokki sínum og annars staðar. Um leið vísa þeir á bug útgáfu trotskismans af lýðræðinu í flokknum: Skipulögðum og sjálfstæðum skoðanaklíkum.

Erfiðleikar sósíalismans.

Skyldu áföll sósíalismans á þessari öld eiga rætur að rekja til þess að marxistar hafa ekki ráðið rétt í málum lýðræðis og skoðanabaráttu?

Tímabundin endalok sósíalismans í Sovétríkjunum, aðferðir Stalínsstjórnarinnar við skoðanabaráttu, ófarir sósíalismans í A-Evrópu, öldugangurinn í Kína, Persónudýrkun í N-Kóreu, einangrunarstefna Albana, ófugþróun Kúbu og Viet Nam ofl. ofl., eru alvarlegir atburðir á löngu umbrotatímabili milli kapítalisma og sósíalisma. Það er ekkert skrýtið þótt fólk horfi ekki með lotningu á sósíalismann eða fylki sér um hann. Ósk um nýtt þjóðfélag frelsis og jafnréttis býr þó með gífurlegum fjölda.

Sósíalisminn í hverju landi krefst nýrrar efnahagsskipunar og ennfremur ríkisvalds í höndum vinnandi fólks. Þau völd eru forsenda þess að sósíalisminn eflist í landinu og þau geta ekki raungerst nema með aðstoð fjöldans - þ.e.a.s. lýðræðisins. Alvarlegir gallar í lýðræði og skoðanabaráttu eru ljóslega orsakir áfalla sósíalískra ríkja.

Lýðræði sósíalismans teygir sig yfir langt tímabil og tekur breytingum. Um hríð getur það hvorki verið fullt frelsi eða lýðræði jafnt fyrir alla. T.d. þarf að skerða réttindi ófyrirleitnustu arðræningjanna og lög almúgans munu mynda strangt réttarkerfi gagnvart honum sjálfum. En lýðræði þetta verður samt að taka borgaralegu lýð- og þingræði fram. Sömu lýðréttindi og við höfum t.d. hérlendis og virkt nefnda- og fulltrúakerfi hljóta að vera lágmarkskröfur í sósíalísku lýðræði.
Vegna alls þessa tel ég að ísl. kommúnistar verði að leggja þyngri áherslu en áður á nýtt lýðræði, bæði í samtökum sínum og starfi, svo ekki sé minnst á framtíðarþjóðfélagið.

Ísland setur skilyrði.

Veltum fyrir okkur hvaða reynslu, hefðir og skoðanir ísl. alþýðufólk situr með eftir starf kynslóðanna á Íslandi. Ég nefni nokkur atriði í belg og biðu: Vinnuhörku, hraða og mikla einkaneyslu og fjárfestingu, málfrelsi, langa verkfallssögu, fjölflokkakerfi, fulltrúakosningar ofl. Fólkið sem mun búa til sósíalískt þjóðfélag á Íslandi er vel upplýst og alið upp við frjálslynda útgáfu borgaralegs lýðræðis og þingræðis. Það er ónægt með kerfið en gerir þá ekki hvað síst meiri kröfur til samráðs, samábyrgðar og lýðræðis í sínum samtökum og sínu kerfi. Varla myndi það heldur sætta sig við verulega verri lífskjör.
Kórvilla Alþýðubandalagsins felst í því að flokkurinn dregur þá ályktun af sterkri lýðræðishefð á Íslandi að sósíalisma skuli komið á með aðferðum borgaralega ríkisins sem jú verið er að afnema með sósíalismanum. Með því er flokkurinn fyrst og fremst umbótasmiður fyrir auðstéttina og stefnir fólki í hættulega blindgötu.
Hið rétta er að byltingarbaráttan og hvers kyns umbótabarátta utan þings og innan verður bitlítil ef þessar lýðræðishefðir eru ekki nýttar innan hinnar framsæknu hreyfingar og í fjöldasamtökum.

Ýmsar úrbætur.

Kommúnistasamtökin verða að skáka Alþýðubandalaginu

framhald á síðu 5

Dauðastríð Maóismans og verkefni kommúnistahreyfingarinnar

Eigi skal gráta ...

Það verður að telja talsverða bjartsýni að hefja umræðu á síðum Verkalýðsblaðsins. Einhvernveginn læðist að manni sá grunur, að það blað muni nú af mörgum lesið með hálfum hug.

Alltént hefur blaðið ekki verið sérlega upplífgandi lesning, frá því sá "góði" síður lagðist af meðal kommúnista að taka stórt upp í sig, en við tóku harmatölur af því tagi sem hér á bæ ganga undir heitinu sjálfsgagnrýni. Það verður því að virða mér til vorkunnar þó ég fari af stað með nokkrum látum, berji í bumbur og láti dólgslega, en til þess er þó ærin ástæða. Það er mín frómasta ósk - og meira fer ég ekki framá - að ritgerð þessi vekji viðbrögð. Væri mér þá fremur að skapi að menn rífi í hár sér og andmæli, heldur en þeir gjaldi þessu vilskrifi andvana jáyrði eða mæti því með tómlæti. Ennfremur myndi það valda mér nokkurri kæti ef það sem hér er á blað dregið mætti boða nokkuð fráhvarf frá þeim vondaufu harmatölum sem margra geði hafa spillt að undanförnu.

Orð og gerðir.

Það var í þá tíð er byltingareldar geysuðu um borgir og bæi Rússlands að maður að nafni Lenín setti fram kjörorð liðsmönnum sínum til eftirbreytni: "Meira starf, minna innantómt orðagjálfur". Í þá daga var þörf skjótra og markvissara aðgerða samhentra byltingarsveita og kjörorð Leníns átti fullan rétt á sér. Hitt er öllu lakara að síðbúnir lærisveinar Leníns á Íslandi skuli telja það opinbera sér einhvern sannleik um það hvernig haga skuli baráttunni fyrir sósíalisma á Íslandi í dag. Ekki vegna þess að slíkt kjörorð geti ekki átt við tímabundið hér sem annars staðar, heldur vegna hins, að á Íslandi árið 1981 hafa engir byltingareldar kviknað, þó svo einn og einn neisti hafi komið nokkrum kommúnískum hjörtum til þess að slá hraðar á 7. og 8. áratugnum. Þvert á móti er nú brýn nauðsyn að endurvekja þá merku umræðu sem í eina tíð fór fram í Sovétríkjunum en var - illu heilli fargað í nafni flokkseiningarinnar í byrjun 3ja áratugarins.

Hvað sem illu tali líður þá hefur hatursmönnum orðsins orðið að ósk sinni. Orðið er á undanhaldi og það svo, að brátt mun teljast til tíðinda að fundir séu haldnir. Því mætti ætla að tóm sé til athafna og dáða - nema hvað nú bregður svo undarlega við að athafnamennirnir halda að sér höndum.

Í sannleika sagt þá kann það ekki góðri lukku að stýra þegar pólitískir athafnamenn hætta að talast við. Án ítarlegrar umræðu, skoðanaskipta og stefnumótunar - stöðugrar stefnumótunar, verður engri vitiborinni stefnu hrint í framkvæmd. Kjarni málsins er sá, að athafnir án undangenginnar umræðu eru því aðeins réttlætanlegar, að markmið baráttunnar séu með öllu augljós, nauðsyn hennar sérdeilis brýn og tími til þess að hrinda áformum í framkvæmd of naumur til þess að unnt sé að ná einingu um athafnir í gegnum skoðanaskipti.

Við núverandi ástand eru ýtarleg skoðanaskipti, umræðu og nám algert frumskilyrði þess að hreyfing okkar haldi áfram að draga lífsandann og tjóir ekki að benda á galla þeirrar umræðu sem hér fór fram í eina tíð til þess að andmæla því. Umræða hefur aldrei verið of mikil í samtökum okkar - fjarri því. Hitt er annað mál að hún hefur oft á tíðum verið léleg. Léleg vegna stefnuleysis hennar, vegna þess að hún hefur ekki glímt við þær ráðgátur sem máli skipta, vegna lélegs undirbúnings og vegna þess að hún hefur aldrei gengið nógu langt, aldrei komist undir yfirborðið, aldrei krufið neitt til mergjar og því aldrei borið neinn ávöxt. Ég er m.ö.o. að halda því fram að umræðan innan kommúnistahreyfingarinnar hafi ekki verið nægilega frjó og um of borið merki þess fræðilega undirlægjuháttar sem lætur sér nægja gullmolana úr nægtabúrum "frumkvöðlanna", sem skapar ekkert nýtt af eigin rammleik. Með nokkru sanni má segja að það viðhorf hafi verið uppi, að ef raunveruleikinn ekki hegðaði sér í samræmi við fræðin væri það verst fyrir raunveruleikann sjálfan.

En gögnin um auðvaldsskipulag samtímans er ekki öll að finna í sjóðum "frumkvöðlanna", og góður skilningur á ríkiseinokunarkapítalisma af sovéskri gerð verður aðeins að óverulegu leiti þangað sóttur (a.m.k. ekki nema ótilneiddur). Kjarni málsins er sá, að þróun sósíalismans hefur tekið að verulegu leiti aðra stefnu en kommúnistar gerðu sér í hugarlund við upphaf aldarinnar. Fyrstu verkalýðsbyltingar sögunnar hafa ekki gefið þann árangur, - ekki verið sú endurlausn vinnunar sem menn væntu og trúðu reyndar lengi vel þrátt fyrir að raunveruleg framrás sögunnar gæfi tilefni til annars. Þetta hefur orðið til þess að sú bjartsýna framfarahyggja, sem að mörgu leiti svipaði til pósitífisma 19. aldar hefur beðið skipbrot. Ég hef áður orðað það svo, að ákveðinn hluti kommúnískrar heimssýnar hafi hrunið. Þess vegna hefur kommúnísk stefna ekki höfðað til nema lítils hóps og þess vegna hefur sá litli hópur sem kommúnísk stefna þó höfðaði til verið að missa sjónar á markmiðum sínum og trúna á hugsjónir sínar að undanförnu.

Menningarbyltingin er sköpunarverk Maós öðrum fremur. Hefur trúin á hana leitt okkur á villigötur?

Menn eru þannig gerðir, að þeim er óljúft að plægja þá jörð, sem aldrei gefur neitt af sér. Þeir vilja uppskera laun síns erfiðis. Þessi teprulega smámunasemi manna er nú orðin íslenskri byltingarhreyfingu fjötur um fót. Gatslitnir og kúguppgefnir félagar okkar eru nú hver á eftir öðrum að gera sér grein fyrir því að ekki einasta var jörðin harla grýtt og illa til sáningar fallin - auk þess kominn óheppilegur árstími - heldur var útsæðið illa valið, gamalt og ófrjótt. Til þess að eiga einhverja von um að uppskera laun erfiðis síns verður kommúnistahreyfingin að huga betur að útsæðinu, vanda valið. Munu þeir sem ekki hafa nú þegar kastað frá sér amboðum og flúið af hólmi þá vonandi njóta ávaxtanna.

Ég á við að kommúnistahreyfingin þarfnist ekki aðeins endurmats starfshátta sinna, heldur einnig og miklu fremur markmiða sinna og framtíðarsýnar þeirrar sem birtist í boðskap hennar til vinnandi stétta. Engin baráttusveit kommúnista verður skipulögð að baki þokukenndum hygmyndum um óljós markmið. Liðhlaup og uppgjöf reynist stundum skæðasti óvinur hersveita sem ekki geta svarað þeirri spurningu hvers vegna þær eru á vígvellinum.

Við skulum leita vars, huga að markmiðum okkar og yfirfara vopnabúrið. Vera má að einhver hinna baráttuglöðu þykist svikinn af þvílíku tali. Má vera að einhver telji það svik að viðurkenna tapaða orrustu. Vera kann að einhver kjósi fremur að telja tár sín í einrúmi, fremur en hefja hið seinvirka þolinmæðisstarf undirbúnings- ins að nýju við hlið félaga sinna - og kannski vill einhver fremur fyrirgera hugsjón sinni en fylgja þvílíkum voðamönnum. Látum þá í friði. Þeirra verður ekki þörf að sinni.

Uppdráttarsýkin í kommúnistahreyfingunni. Drög að sjúkdómsgreiningu.

Að jafnaði finnst eigi lakari sjúkdómsgreinandi en sjúklingurinn sjálfur. Kemur það til af því, að annað tveggja hættir honum til að ríghalda í sjálfsblekkingar um eigið heilbrigði, eða hann tekur þvílíku ástfóstri við sjúkdóm sinn, að hann verður honum kærari en nokkur lækning. Hvort tveggja kann að eiga við um þá pólitísku hreyfingu sem hér er til umræðu. Tilraunir okkar til sjúkdómsgreiningar hafa hingað til einkennst af fullmikilli varfærni, en stundum hreinni þvermóðsku. Það er fyrst nú þegar efasemdirnar hafa náð því marki að nærri liggur aðskilnaði holds og sálar, að við eigum þess kost að virða fyrir okkur ástand þessarar hreyfingar úr nægilega mikilli fjarlægð til þess að skilja það.

Þeirri sjúkdómsgreiningu sem hingað til hefur átt mestu fylgi að fagna má lýsa í fáum orðum á þessa leið: "Hreyfingin hefur verið haldin þeim alvarlega barnasjúkdóm sem kenndur er við vinstri. Meðal sjúkdómseinkenna má nefna tilhneigingu til pólitísks hreinlífis, þ.e. afneitun á samstarfi við mikilvæga bandamenn, eða a.m.k. skortur á sveigjanleika í slíku samstarfi, þröngsýni og kreddufesta í þjóðfélagsgreiningu og ofuráhersla á byltingarárðöur í stað þess að taka virkann þátt í baráttu fjöldans." Leiðin til lækningar er skv. þessu mati fólgin í uppgjöri við einangrunarstefnuna og kreddufestu með markvissri beitingu sjálfsgagnrýni.

Sjálfsgagnrýnin hefur nú riðið húsum hér í á 3ja ár með þvílíkum látum að jaðrað hefur við sjálftortímingu. Sú innhverfa íhugun sem hér hefur gengið undir heitinu sjálfsgagnrýni hefur því miður ekki borið þann árangur sem henni var ætlað. Ef úr skal bæta, verður að skipa í öndvegi lifandi þjóðfélagsgagnrýni í stað þeirrar naflaskoðunarspeki, sem ekki kann aðra skýringu á lítilli velgengni, en víxlspor breyskrar sálar, til hægri eða vinstri við þá goð-

„It's now or never". ..

Ádeila

Okkur hefur borist hressilegt bréf frá félaga erlendis og birtum hér upphafið og niðurlagið. Í næstu lesbók birtist meira úr bréfinu.

"Það er ekkert smá áfall að fá þær fréttir af landanum að allt starf m-lara sé hrunið í rúst og flestir hlaupnir í felur, búnir að fá sig fullsadda á pólitíkinni og puðinu. Glæstar áætlanir og stórar yfirlýsingar gufa upp og gleymast eins og hver önnur kosningaloforð.

Eflaust eiga þessir erfiðleikar sér margar uppsprettur þó útkoman verði þessi. Einangrunarstefna samtvinnuð ofurtrú á skjótum frama og auðunnum sigrum hafa sennilega valdið brottfalli margra þegar á móti blés og söðla varð um stefnu úti á víðavangi. Þar eiga forystusveitir samtakanna (allra skammstafananna) talsverða sök á með því að halda fram röngum stefnumiðum hver á sínum tíma. En þær eiga þó ekki nema takmarkaða sök á þeirri pólitísku kreppu sem nú virðist vera á góðri leið norður og niður með starf baráttumanna.

Þessi kreppa er nefnilega langt frá því að vera eitthvert séríslenskt fyrirbæri. Í Evrópu og N-Ameríku eiga hliðstæðar hreyfingar í mjög svipuðum erfiðleikum.

"Marxismin hefur ekki beðið skipbrot, hvorki sem leið til að skilja heiminn

sögulegu réttlínu sem forlögin hafa ákveðið.

Allt of fáir hafa gert sér grein fyrir eða viðurkennt þann sannleik, að sú uppdráttarsýki sem hefur hrjáð kommúnistahreyfinguna að undanförnu, á sér allt aðrar og dýpri rætur en einbera vinstri öfga- og einangrunarstefnu. Þar með er ég engan veginn að mæla slíkri stefnu bót. Hugmyndir um meyfæðingu sósíalismans af kommúnistaflokki eiga sér ekki viðreisnar von. En sú einhliða áhersla sem lögð hefur verið á þennan þátt málsins hefur að vissu leiti bundið fyrir augu okkar, aftrað okkur frá því að sjá kjarna málsins og því miður leitt marga inná rangar brautir við úrlausn vandans. Einsog er stafar okkur mun meiri hætta af tilhneigingum til kjarahyggju en nokkurn tíma vinstri öfgum, enda er hún fjölfarinn áningastaður á leið pólitískra samtaka frá einangrunar eða aðgerðastefnu til endurbótastefnu. Reyndar trúi ég að sú leið sé ákaflega eðlileg þeirri hreyfingu sem býr að gallaðri hugmyndafræði. Hún stendur illa að vígi gagnvart andstæðingum sínum; leitast því við að reisa umhverfis sig varnarvegg, safna til sín fáum útvöldum og basla með þeim í barnalegri trú á sífelldar aðgerðir sem ekki hafa annað en nokkur holhjóma slagorð í veganestið. Á endanum leiðir slíkt til stöðnunar, stöðnunin til óánægju, óánægjan til stefnubreytingar sem miðar að því að rjúfa einangrunina. En sá sem hefur tamið sér trú á óskeikulleika pólitískra páfa og postula, reynist oft ófær um að greina raunverulegar ástæður einangrunarinnar. Þegar einstrengingslegar trúarsetningar um veruleikann hafa sýnt haldleysi sitt, er haldið á vit einhverra þeirra lífssanninda eða lyga sem er nægilega almenn til þess að rás sögunnar, hver sem hún verður geti ekki afsannað hana. Jafnframt vill bilið milli fræðikenningar og þjóðfélagsbaráttu gleikka uns svo er komið, að einstök kenningaslitur verða einvörðungu bókmenntalegar skreytingar til hátíðabrigða.

Hitt er sjaldgæfara, enda erfiðara, að sósíalísk hreyfing taki fræðilegu gjaldþroti sínu með þvílíkri vísindalegri rósemi og þolgæði, að hún taki til við enduruppbyggingu höfuðstólsins, í stað pólitískrar lántöku frá endurbótastefnunni með þeim kvöðum sem til heyra.

Nú er að greina frá þeim hugmyndafræðilegu skakkaföllum sem mér verður tíðrætt um. Til þess verður að líta aftur til upphafsins á 7. áratugnum og raunar lengra, eða allt aftur til fyrstu raunhæfu verkalýðsbyltingar sögunnar rússnesku byltingarinnar.



Getur Súezskurður lokast?

Eitt fullkomnasta herskip Sovétríkjanna og heims, kjarnavopnabeitiskipið Kiroff. Ekkert skip er búið eins öflugum og langdrægum varnar- og árásarflaugum (að kafbátum slepptum).

Við höfum lengi haldið því fram að risaveldin undirbúi í raun styrjöld sín í milli. Sérstaklega þykir okkur brýnt að afhjúpa friðarhjal Sovétmanna og laga slagsíðuna sem verið hefur á baráttu herstöðvaandstæðinga fyrir friði. Við viljum ekki láta Morgunblaðinu eftir að útskýra vígbúnað Sovétríkjanna. Bæði miðar hún að því að hvítþvo Bandaríkin og eins á hann að vera sönnun fyrir óhugnaði Kommúnismans. Það er okkar að sanna að Sovétkeisararnir hafa fyrir löngu lagt marxismann á hilluna - nema sem dulargervi.

Í skjóli frasa og ofbeldis í S-Jemen og kúgunarstríðs gegn Erítreumönnum hafa **Kremlarbændur hljóðlega** komið sér upp stöðvum sem geta tryggt þeim algjör yfirráð yfir Rauðahafinu og innsiglingunni í Súezskurðinn. Á Kebir-eyju (ein af Dahlakeyjunum í Rauðahafinu undan hafnarborginni Massawa í Eritreu) rís nú stór flotastöð. Í desember sl. voru þar um 25 skip. Þá hafa Sovétmenn nýtt sér strengbrúðurnar í stjórn S-Jemen og tekið yfir fyrrum breska flotastöð á eyjunni Socotra og tryggt sér hafnarréttindi í Aden, höfuðborg S-Jemen.

Mikilvægust er þó vaxandi herstöð sem rís nú á Perimeyju í miðju Bab el-Mandebsundi þar sem þröng innsigling er í Rauðahafið.

Skoði maður þessa landvinninga, vináttusáttmálann við Sýrland og hernám Afganistans er freistandi að sjá útúr því hugsanlega tangarsókn að helsta Akkilesarhæl Evrópu: Olíulindum Mið-austurlanda og siglingaleiðinni milli Asíu og Afríku.

Heimild: Far Eastern Review 9.2.81.
Fréttabréf ELFP í Eritreu.

- t.

né sem verkfæri til að breyta honum. Enn lifir hugsjónin um sósíalískt þjóðfélag og enn eru mörg tækifæri framundan. Og ekki hefur íhald og krat ismi allra handa batnað þrátt fyrir að bjartsýni okkar hafi verið kaffærð í bili.

Því segi ég við ykkur eins og bandarískt æskulýðsleiðtoginn á sínum tíma: "It's now or never". Öll þið sem störfuðuð með KSML/KFÍ eða EIK lengri eða skemmri tíma og hafið horfið annað nú um skeið, þið búið yfir mikilli pólitískri reynslu og þekkingu sem fer öll í súginn ef pólitískt starf ykkar heldur ekki áfram.

Það er ekki nauðsynlegt að ganga í KS sem fullgildur félagi heldur hitt að sýna virkni sem stuðningsmaður og styðja við bakið á þeim sem starfa á fullu. Það munar um hvern og einn þegar illa árar. Og illa árar og illa horfir, lenskur almenningur fer að finna fyrir efnahagskrepp unni og sultarólinni, hættan á stórstyrjöld hefur ekki verið eins mikil í annan tíma og ekki fer hún minnkandi nú þegar þekkingarsnauðir yfirgangsseggir fylgja Reagen til valda í Hvíta húsinu og hetjur Brésnéffs sýna samskonar uppstillingu sín megin.

Við megum ekki gefast upp.

Nýir tímar — ný viðhorf

framhald af síðu 3

sem flokki. Þau eiga að vera aðdráttarafl fyrir fólk, virkja fólk og vera djarfari í starfi sínu. Lýðræðislegar starfsaðferðir og lífleg skoðanabaráttu eru mælikvarðar sem fólk notar á samtökin.

Kommúnistasamtökin verða því að leggja sig fram við að efla lýðræði og skoðanabaráttu sína. En fyrst af öllu verða þau að rífa sig upp úr framkvæmdaskortinum með því að taka á miðstýringunni. Með því er átt við að félagar samtakanna verði að framfylgja ákvörðunum meirihlutans og forystustofnana og skerpa á starfsaganum. Að öðrum kosti vantar alla hreyfinguna til þess að búa til lýðræði utan um og alla stefnu eða allt starf til að skiptast á skoðunum um.

Samtökin heimila félögum málefnalega gagnrýni á samtökin á opinberum vettvangi. Þeir þurfa ekki að fela ágreining (nema ef slíkt er sérstaklega ákveðið og þá tímabundið) en eru um leið skyldir til þess að aðstoða við framkvæmdir meirihlutans - rétt eins og menn gera t.d. í lýðræðislega ákvörðuðu verkfalli. Þá hafa Kommúnistasamtökin viljað bjóða fólki meiri þátttöku í stefnumótun og starfi og látið málefnið fremur en alm. stjórnmálaskoðanir ráða.

Ef til vill er mikilvægast að kommúnistar temji sér umburðarlyndi gagnvart skoðunum annarra. Allir hafa tvær hliðar í málflutningi sínum og samtökin vaxa seint ef krafist er of mikillar einingar. Á móti verðum við að gera þá kröfu að einstaklingar, félagarnir, fari ekki í fýlu og hætti ánast störfum ef á móti þeim blæs í bili. Kommúnísk samtök eða flokkur eru samtök virkra baráttumanna en ekki lausleg samtök þar sem lítill hópur "gerir allt" sbr. Alþýðubandalagið. Rangar og hættulegar skoðanir (í raun og veru hættulegar) á vissulega að afhjúpa og breyta eða ýta burt með brottvísun manna, en það hlýtur að vera sannfærandi, langvinn og sjaldgæf aðgerð.

Þegar allt kemur til alls eiga ísl. kommúnistar eftir að gera marxismann nýtískulegri og taka betur tillit til aðstæðna í "vestrænu, háþróuðu iðnaðarþjóðfélagi". Það er ekkert skrýtið að framlag marxista síðustu áratuga (t.d. Maós) varðar einna helst fjöldastefnu, lýðræði og miðstjórn.

Ari T. Guðmundsson.

Hvar á þungamiðja starfsins að vera?

Hvaða hindrunum stöndum við frammi fyrir á leiðinni til sósíalisma?

Ég álít hæga (of hæga) mótun og útbreiðslu kommúnískra hugmynda vera meginhindrunina. Að vísu má segja, að efnahagsleg kúgun stórs hluta verkalýðs og fleiri óbreyttra borgara (lágt kaup og langur vinnudagur) og geigvænleg hrörnun hagsmunasamtaka þessa fólks sé áþreifanlegasta hindrunin. Brýnasta verkefnið til að yfirvinna þá hindrun tel ég hins vegar vera á hugmyndalega sviðinu. Hér er þó aðeins átt við áherslumun, því þessi vandamál eru að sjálfsögðu mjög samofin. Mesti vandinn er líklega fólginn í því að sjá hvernig vandamál hugmyndafræði og lífskjarabaráttu tengjast. Ég mun nú reyna að varpa örsmáum ljósgeisla á það.

kúgun og hlýðni og kenna lítt til verka við félagsstörf. Þetta leiðir til þess, að góðum hugmyndasmiðum og forystumönnum úr röðum verkalýðs fer jafnvel fækkandi. Á sama tíma berast borgarstéttinni stöðugt fleiri og færari hugmyndasmiðir og kunnátta stéttarinnar á sviði skipulagningar vex.

Styttri vinnutími, bætt grunnmenntun og aukin sjálfsmenntun verkafólks myndi að mínum dómi draga úr hinni hugmyndalegu kreppu á sviði stjórnmála, sem áður er getið.

En það þarf fleira að koma til, eins og vikið verður að síðar.

Menntamenn, sem komnir eru af vinnandi fólki og ekki hafa rofið tengslin við það, geta verið verkalýðsstéttinni afar nýtir hugmyndasmiðir. Slíkum menntamönnum hefur fjölgað miklum tíma í mótun þeirra og að margt af því fólki sé gjörkunnugt framleiðsluferlinu uppúr og niðurúr. Á það hefur þegar verið minnst.

Ef fjöldinn hefði á valdi sínu hugmyndir, er dygðu til að stilla valdamönnum í ríki og fyrirtækjum upp við vegg þannig að þeir ættu einungis val um það að bæta lífskjörin verulega eða hröklast frá forréttindum sínum ella, þá mætti segja mér að hagur fólks batnaði, hvorn kostinn sem ráðamenn veldu. Það eina sem dugir er byltingarsinnuð hugmyndafræði á grunni marxismans í takt við tímann, í takt við efnislegan og huglægan veruleik hér á landi og erlendis.

Jafnvel með skammtímamarkmið kjarabaráttunnar ein í huga er byltingarstefna mikilvægasta trompið, sé hún þannig að fólk eigi þátt í að móta hana og skilja hana. Pólskir valdhafar væru ekki þó þetta samningaliprir núna, ef þeir vissu ekki að fólk væri til alls víst. Þeir hafa valið þann kostinn að hopa undan kröfum fjöldans, eftir að þeim varð ljós styrkur andstöðunnar.

gerir mjög fáum mögulegt að hafa mjög mikil áhrif á mjög marga. Það sem ekki síst hefur varið kerfið falli er gífurlega umfangsmikil, dýr og tækniþróuð varnarbarátta þess á hugmyndalega sviðinu.

Áróðurinn er æði fjölþættur. Stærsta lygin er sú, að ekkert annað komi til greina en úrbætur á þessu kerfi, þ.e. áframhald á sömu braut. Þeir eru margir, sem útbreiða þá lygi: allir stjórnmálaflokkarnir, nær allir fjölmiðlar (99%), nær öll félagasamtök (99%), kirkjan (100%), skólarnir (98%) og að sjálfsögðu öll fyrirtæki og ríkisstofnanir.

Hvað megnar ófánægja og efasemdir sundraðs og óskipulags fólks gegn öllum þessum risum? Hvers eru fáeinir kommúnistar megnugir gegn þessu? Hvernig eiga þeir að geta haldið sínu striki, fáandi holskeflur borgaralegrar hugmyndafræði inn um öll skilningarvit hvern einasta dag? Og það ekki bara frá auðherrum, heldur endurómar venjulegt fólk þessa sömu afstöðu og lifir að miklu leyti eftir boðorðum hennar. Hver þekkir ekki sjálfselsku og eiginhagsmunahyggju í fari kunningja sinna og vina úr verkalýðsstétt? Eða úr hópi menntamanna? Hver finnur ekkert slíkt í eigin fari? Hversu marga þekkir þú, sem taka hag fjöldans fram yfir eigin hag? Og hvernig fer fyrir þeim, sem reyna að lifa þannig innan núverandi kerfis?

komið hér á sósíalisma.

Ég sé ekkert benda til þess, að það muni stökkva sósíalískt afl út úr vinstri hlið AB á næstunni. Eftir sem áður trúi ég því þó, að þar sé mikið af ágætu fólki. Ég held hins vegar, að fátt af þess þessu fólki sé nógu sterkt á svellinu sem marxistar til að geta byggt upp nýtt stjórnmálaafl. Skrif í Þjóðviljanum og Rétti benda ekki til mikils hugmyndafræðilegs styrks. Umræðu um þjóðskipulag framtíðarinnar vantar alveg. Aftur á móti er mikið fjasað um verðbólguvofuna (ekki kreppuna) og um alls kyns "reddingar" til næsta dags. Ég sé ekki, að AB hugsi lengra fram í tímann en hinir flokkarnir.

Ég sé fá merki um framfarir hjá Fylkingunni. Mér leist ekki á frammistöðu þeirra á landsráðstefnu herstöðvaandstæðinga í haust, en hef lítið séð til þeirra þar fyrir utan.

Drepsóttina þarf að stöðva.

Það hefur verið mikið um pólitísk andlát vel meinandi róttæks fólks, á vinstri kantinum, bæði í kring um Kommúnistasamtökin og Alþýðubandalagið. Sjúkdómseinkenni eru helst vonleysi úrræðaleysi og vinnuþrælkun. Ég held að þessi farsótt stöðvist ekki nema það takist að móta nothæfa stefnu (hún á kannski bara stutt í land) og styrkja samtökin svo, að þau megni að fylgja henni úr hlaði. Það helsta sem við getum gert til að bjarga pólitísku lífi vinstrimanna innan AB er að benda þeim nógu skýrt og nógu oft á þverbresti flokksins þeirra og ekki síður á ólæknandi sjúkdóm auðvaldskerfisins, sem krataflokkurinn þeirra telur sig geta læknað. Nú þarf nauðsynlega að knýja fram umræðu um það hvernig við viljum hafa þjóðfélagið og taka m.a. tölvubyltinguna með í það dæmi. Í kjölfar þess þarf að ræða og rannsaka leiðir til að nálgast það markmið. Nauðsynlegt er að leita stuðnings í bókum helstu hugmyndafræðinga marxismans, ef starf okkar á ekki að vera þeim mun meira eftir happa og glappa aðferðinni.

Staðhæfingar Marx um óleysanlegar mótsagnir auðvaldskerfisins standa enn óhaggaðar.

Þeim félagshyggjumönnum, sem vænst hafa einhvers góðs af Alþýðubandalaginu, hlýtur nú að vera farin að leiðast biðin.

Mikilvæg orsök hugmyndakreppunnar er vinnuþrælkun alþýðu.

Marx benti á að þróun framleiðsluaflanna væri ein meginforsenda sósíalisma og kommúnisma. Hann áleit, að móthverfan milli huglægrar og líkamlegrar vinnu leystist þá fyrst þegar þeir, sem við framleiðsluna ynnu, hefðu það stuttan vinnudag, að þeir gætu varið miklum tíma í nám, menningarstörf og þátttöku í stjórnum. Þá fyrst gæti einn og sami maðurinn verið verkamaður, menntamaður og stjórnmálamaður allt í senn (ef ég hef skilið Marx rétt).

Ég nefni þetta ekki vegna þess að ég telji lausn móthverfu milli líkamlegrar og huglægrar vinnu vera í sjónmáli. Ég álít hins vegar, að fólk við óbreytt störf verði að taka drjúgan þátt í mótun þeirra hugmynda, er geti hraðað för okkar til kommúnískra þjóðfélagshátta, - þó ekki væri nema að bæta ögn stöðu verkalýðs í auðvaldsþjóðfélaginu frá því sem nú er. Langur vinnudagur og mjög viðamikill heimilisrekstur tekur nær alla starfskrafta verkafólks og skerðir möguleika þess til náms og félagsstarfa. Ekki bætir það úr skák, að skólar þeir sem flest þetta fólk gengur í (grunnskóli, verknámsskólar og í vaxandi mæli framhaldsskólar) ala fólk upp í

mjög hér á landi undanfarinn áratug. Líkast til er meirihluti áhangenda og félaga Kommúnistasamtakanna úr þeirra röðum. Þessir menntamenn búa sennilega við litlu rýmri efnahag en meðal tekjuhár verkamaður og fara yfirleitt ekki varhluta af vinnuþrælkuninni. Meðan þeir eru að koma yfir sig þaki eru þeir nánast stikkfrí frá öllu nema brauðstriti og lágmarks heimilislífi (með undantekningum þó). Þetta held ég að sé drjúgur þáttur í starfs- og hugmyndakreppu Kommúnistasamtakanna nú.

Þessi tiltölulega bágu lífskjör og tilheyrandi skuldasöfnun dregur mjög úr þreki fólks og kjarki til að andæfa og berjast. Sagt er, að fólk hafi ekki efni á að fara í verkfall, t.d. Fólk hefur reyndar aldrei haft efni á því, en þrátt fyrir það hafa verkföll verið tíð á köflum. En nú eru margir mjög skuldum vafnir og eiga að missa húsið, ef verkfall dregst á langinn. Fólk er einnig ginnkeypt fyrir bitlingum, yfirborgunum og ýmsum efnahagslegum fríðindum, sem forystumönnum úr röðum þess er gjarnan boðið upp á.

Meginorsök vinnuþrælkunarinnar er hugmyndakreppa þeirra róttæku.

Nýtar hugmyndir um þróun þjóðfélagsins verða ekki til, nema margt fólk verji

Íslenska valdsstéttin þarf hins vegar engan að óttast. Hún veit mæta vel að hvorki Alþýðubandalagið eða ASÍ eru fær um (eða hafa áhuga á) að leiða uppreisn íslenskrar alþýðu. ASÍ á það reyndar til að fella ríkisstjórnir, en það breytir bara engu. Sú sem tekur við stjórnar næstum því alveg eins.

Hér hefur verið rætt um skammtímamarkmið. Langtímamarkmið eru þó höfuðatriðið og þar er nauðsyn byltingarstefnu augljós. Við megum ekki gleyma því að horfa spölkorn fram í tímann.

Nályktina leggur að nösum okkar.

Staðhæfingar Marx um óleysanlegar mótsagnir auðvaldskerfisins standa enn óhaggaðar. Tekist hefur að tefja fyrir upplausn þess með alls kyns aðgerðum, er skjóta vandanum á frest, nema hann sé þá fluttur til annarra heimshluta. Ástandið í heiminum er ömurlegt, þó svo að minnihluti mannkynsins búi við sæmileg kjör.

Þrátt fyrir vaxandi móthverfur og versnandi hrörnunarsjúkdóma heldur auðvaldskerfið velli. Hvers vegna?

Þrátt fyrir að tækniþróunin hafi grafið undan kerfinu eins og Marx lýsir, þá hefur hún einnig styrkt það á sumum sviðum. Hún hefur m.a. fært því fjölmiðlunartækni, sem

Þar sem einangrunarstefnunni sleppir, tekur við....

Marx-leninisku hreyfingunni íslensku vegnaði þokkalega meðan hún fékk hugmyndafræðina tilbúna erlendis frá og meðan félagarnir héldu mikið saman og einangruðu sig meira og minna frá umhverfinu. Kommúnistum var talsverð vörn í einangrunarstefnunni, líkt og það er góð vörn gegn gerlum að geyma fiskibollur í loftþéttri niðursuðudós.

Nú er það flestum ljóst, að hugmyndirnar verður að móta að talsverðu leyti á staðnum (blöndun á staðnum, sbr. vegagerðaraðferð Sverris Runólfssonar). En það er nú hægar sagt en gert í öllum þeim rykmekki af skít og sýklum frá hinu rotnandi auðvaldskerfi. Þeir framsæknustu verða að ná saman og halda þéttingsfast saman, eigi þeim að takast að hrinda af stað nýrri vinstri-skriðu. Það þýðir þó ekki að þeir eigi að rjúfa samband sitt við annað fólk. Það má ekki láta KS drabbast niður, öðru nær.

Alþýðubandalagið dugir ekki.

Þeim félagshyggjumönnum, sem vænst hafa einhvers góðs af Alþýðubandalaginu, hlýtur nú að vera farin að leiðast biðin. Sjái einhver eitthvað í fari þess flokks sem minnt gæti á sósíalisma, hlýtur þeim hinum sama að vera farin að förlast sýn. Áramótaafrekin þeirra ráðherrasósíalistanna hafa mjókkað mjög bilið milli AB og íhaldsins og krata-greyin eru að kremjast þar á milli Mikil er trú þeirra, sem halda ennþá, að AB geti

Niðurlag.

Stefnumótun er brýnasta verkefni Kommúnistasamtakanna nú, að mínum dómi. Hún gerist ekki eingöngu þannig, að menn leggist undir feld. Framkvæmd hennar er vandasöm, en í þessari grein er lítið farið út í þá sálma.

Fundarhöld mættu vera meiri. Einhverskonar grunneiningar verða að starfa. Nám og stefnuumræða byggð á því ásamt barátturéynslu félaga ættu að skipa þar háan sess. Skriflega umræðu þarf að leggja rækt við, bæði innan félags og utan. Hún nýtist þó ekki til fulls, nema hún sé rædd í hópum.

Höfum það í huga, að ekkert gerist sjálfkrafa í henni veröld. Sveltur sitjandi kráka, en fljúgandi fær.

ÞÓÁ.

El Salvador logar

El Salvador hefur verið mikið í fréttum undanfarið. Sú mynd sem hefur verið dregin upp af ástandinu er á margan hátt óljós og villandi. Helst er að skilja, að við völd sitji hófsamir og umbótasinnaðir herforingjar, sem vilji svo gjarnan bæta ástandið, en fái ekki að gert, sökum ofbeldisverka öfgamanna til hægri og vinstri.

Misskipting auðs.

Orsök þeirrar miklu kreppu sem nú er í El Salvador, er hin hrikalega misskipting auðs í landinu og ómæld kúgun hinnar afturhaldssömu yfirstéttar. Í dag er talið, að 1% eigi 50% jarðnæðis, 8% ráðstafi 50% þjóðartekna og 16% landsmanna hafi atvinnu allt árið. Fylgjur þessa eru síðan m.a. mikið ólæsi, vannæring og barnadauði.

Umbætur í landbúnaði.

Á seinustu áratugum mun hafa átt sér stað einhver viðleytni í þá átt að útvega landlausum landbúnaðarverkamönnum jarðnæði. Á árinu 1976 munu þáverandi stjórnvöld t.a.m. hafa ætlað sér að skipta upp 4% jarðnæðis. Sú viðleytni var stöðvuð, versta afturhaldið tók völdin í landinu og hélt þeim fram á árið 1979, þegar s.k. frjálslyndir herforingjar tóku völdin og lýstu yfir að jarðaumbætur yrðu hafnar að nýju.

Stjórn Bandaríkjanna hefur stutt áðurnefndar umbætur í landbúnaði og trúlega staðið að baki þeim, a.m.k. í seinni tíð. Markmiðið er að mýkja andstæðurnar í landinu, án þess að breyta valdahlutföllum. Þannig er ekki hróflað við kaffiræktarsvæðum landsins, en kaffi er lang mikilvægasta framleiðsluvaran.

Af ýmsum ástæðum hefur þessi viðleitni runnið út í sandinn. Útdeiling lands hefur náð til mjög fárra, aðeins nokkurra þúsunda, að því er talið er. Yfirumsjón þessa hefur verið í höndum hersins, bændum bannað að mynda með

sér samtök og foringjar þeirra teknir úr umferð. Stórjarðeigendur hafa margir hverjir snúist öndverðir og beitt dráps-sveitum sínum á þá sem voru svo heppnir eða ó-heppnir að fá úthlutað jarðarskika. A.m.k. hluti yfirstéttarinnar hefur ekki skilið þá viðleytni Bandaríkjanna að koma á þróaðri kúgunaraðferðum.

Vaxandi kúgun og harðnandi andstaða.

Frá árinu 1979 hefur það gerst, að hver frjálslyndur neisti, sem kunni að finnast í hinni "umbótasinnuðu" herforingjastjórn hefur verið slökktur. Stjórnin nú, er fulltrúi svartasta afturhaldsins.

Í krafti stjórnarhers og terrorsveita hægrimanna, er nú reynt að eyða allri andstöðu. Árangur þess er a.m.k. tvenns konar. Samkvæmt upplýsingum Mannréttindanefndar El Salvador, féllu 14 þús. manns frá okt. '79 til ársloka '80. En stjórnin hefur líka með framferði sínu, kallað yfir sig víðtæka andstöðu, andstöðu, sem nær yfir kristilega demókrata (að undanskildum formanni flokksins og hluta flokksins, sem styður hann) krata, kommúnista, verkalýðsfélög og kirkjunnar menn. Alls 18 samtök mynduðu Lýðræðissinnuðu byltingarfylkinguna í apríl á seinasta ári. Skömmu síðar sameinuðust 5 helstu skæruliðasveitirnar í landinu undir eina stjórn. Andstöðuöflin hafa því náð verulega áleiðis. Það skal ósagt látið, hvort þetta dugar þeim til sigurs en í byrjun ársins lýstu þau yfir allsherjar stríði á hendur stjórninni. Um gang þess hefur lítið frétst hingað norður á hjarann, en nokkuð um aukin viðbúnað afturhaldsins í landinu og vaxandi stuðning Reagan stjórnarinnar við það.

Stefna Bandaríkjanna.

Stefna Bandaríkjastjórnar virðist vera að líta fram hjá öllum glappaskotum liðinna ára og neita að læra nokkuð af þeim. Reagan stjórnin hefur þegar sent hóp hernaðarráðgjafa til landssins og von á fleirum, auk þess sem hernaðaraðstoð hefur verið stóraukin. Reagan siglir hraðbyri inní nýtt Vietnam stríð, er að sökkva sér í sama fenið og Sovétmenn eru fastir í í Afganistan.

Alþjóðlegur stuðningur og Ísland.

Hér á landi hafa stjórnvöld og pólitískir flokkar lítið látið frá sér heyra um málið. Íslenskir kratar mættu hafa í huga að Alþjóðasamband jafnaðarmanna tók skýra afstöðu gegn herforingjastjórninni í El Salvador á fundi sínum í Madrid í nóv. á seinasta ári, stjórnvöld voru talin bera ábyrgð á óganröldinni í landinu.

Þá mættu íslensk stjórnvöld hafa í huga að utanríkisráðherra borgaraflokkanna í Svíþjóð lýsti nýlega andstöðu sinni við hernaðaraðstoð USA við herforingjaklíkuna, jafnframt því sem hann taldi að stefnuskrá Lýðræðissinnuðu byltingarfylkingarinnar væri eðlilegur grundvöllur samninga um friðsamlega lausn.

Það væri verðugt verkefni íslenskra andheimsvaldasinna að reyna að knýja stjórnvöld til að lýsa yfir stuðningi við baráttu alls þorra íbúa El Salvador.

S.

Framtak á Ísafirði

Stjórnmálaumræða hefur verið dauf á Ísafirði í vetur, allt frá því að forsetakosningarnar voru afstaðnar. Öll umræða fer fram í skúmaskotum og ákvarðanir eru teknar á allskyns stjórnar- og klíkufundum.

Upp úr miðjum febrúar brá þó svo við að haldnir voru þrír opnir stjórnmálafundir á fjórum dögum. Fimmtudaginn 19. febr. gekkst bæjarstjórnin fyrir opnum bæjarmálafundi. Umræðan varð fremur bragðdauf, sem kann meðal annars að hafa stafað af því að bæjarstjórnin hefur lagt fram fjárhagsáætlun sem er mun skárri en sú frá í fyrra. Talsverð aukning er á framlögum til félagsmála og er ekki vanþörf á. Hinsvegar er haldið áfram á þeirri óheillabraut að fást við of margar framkvæmdir í einu. Áætlað er að hefja hafnarframkvæmdir sem ekkert liggur á er fjárframlög til fjórðungssjúkrahússins eru hinsvegar alltof lág. Enn vantar mikið til að húsið komist í notkun þó svo að það hafi verið í byggingu í sex ár. Neyðarástand ríkir á gamla sjúkrahúsinu sem er alltof lítið og úrelt og gengur illa að fá fólk til starfa við þau skilyrði.

Full ástæða er til að ætla að bæjarstjórnin muni breyta þessari áætlun til hins verra þegar til kastanna kemur og fé verði tekið frá aðkallandi félagslegum framkvæmdum, eins og til dæmis dagvistarheimilis, og sett í fokdýrar malbikunarframkvæmdir sem sumir bæjarstjónrarmenn hafa mestar mætur á.

Laugardaginn 21. febr. héldu kratar opinn fund þar sem þrír þingmenn voru mættir. Daginn eftir voru Allaballar með fund þar sem Ólafur Ragnar Grímsson og Kjartan Ólafsson voru. Á kratafundinum snerust umræður einna mest um bæjar- og héraðsmál og það hversu vondir kommarnir í AB væru. Alþýðubandalagsforingjarnir eyddu mestum tíma í að réttlæta tilveru ríkisstjórnarinnar og fengu við það talsverðan stuðning frá sjálfstæðismanni sem þar var mættur. Undirtektir annarra voru heldur dræmar. Einnig var talsvert rætt um stóriðjumál og herstöðvamálið. Það bar til tíðinda að Finnbogi Hermannsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, flutti skörulega ræðu gegn hinni nýju hervæðingarstefnu Ólafs Jóhannessonar og Ronalds Reagans.

Á öllum þessum fundum voru 30-40 manns og voru fundirnir kærkomin tilbreyting frá þeirri stjórnmálalegu lognmollu sem annars ríkir hér á Ísafirði eins og víðar.

-fréttaritari.

„Samstaðan er almenn“

framhald af baksíðu

tillögu í borgarstjórn þess efnis að borgarráð endurskoðaði ákvörðun sína varðandi undirbúningstímana. Borgarráð tók tillöguna til greina, og fjölgaði tímunum í u.þ.b. 2 á viku og sættum við okkur vel við þær niðurstöður.

Almenn samstaða.

VBL.: "Er samstaða um uppsagnir meðal fóstra?
Arna: "Já, það má segja að samstaðan sé mjög góð. Af um rúmlega 170 fóstrum sem starfa hjá borginni eru 152 sem segja upp störfum frá og með 1.feb. Einnig sögðu upp störfum þær fóstrur sem starfa hjá ríkinu, þ.e. á spítaladagheimilium, Öskjuhlíðaskóla og á fleiri stöðum.
VBL.: Nú eru fóstrur annars staðar en í Rvk líka í baráttu fyrir sömu kjörum. Hvernig standa þeirra mál?
Arna: Fóstrur í Garðabæ, Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði eru algjörlega samhliða okkur í sínum kröfum og aðgerðum. Þær ganga líka út 1.maí n.k. hafi ekkert gerst.
VBL.: Nú gengu fóstrur í Kópavogi og á Akureyri út á mánudag í síðustu viku. Hvers vegna eru þær á undan ykkur í sínum aðgerðum?
Arna: Það er ofureinföld skýring á því. Fóstrur í Kópavogi voru búnar að bíða í 2 ár eftir leiðréttingu á sínum málum, þ.e.a.s. þær sögðu upp 1.des. 1978 en samþykktu að bíða eftir næstu sérkjarasamningum, og var biðin 2 ár. Þær höfnuðu síðan samningunum. Reyndu bæjaryfirvöld að halda í þær með því að bjóða yfirborganir sem svöruðu 1-1fl. (í Kópavogi) og deildarfóstrutitla sem svöruðu 1 lfl. (á Akureyri). En ekki vildu yfirvöld breyta samning hvað þetta varðar og var þessi því hafnað. Einnig fannst fóstrum á Akureyri deildarfóstrutitillinn slæmt fordæmi þar sem fóstrurnar vinna sömu störf á deildum og eiga því að vera á sömu launum.
VBL.: Hvernig lýst þér nú á framvindu mála Arna?
Arna: Ég er nokkuð bjartsýn á að kröfur okkar nái fram að ganga. Við höfum staðið algjörlega einar í þessari baráttu hingað til og þessar aðgerðir okkar hafa verið illa séðar af ýmsum innan Starfsmannafélagsins. En samstaðan er svo til algjör meðal okkar og á meðan svo er verðum við ekki beygðar. Nú eru viðræður að hefjast og komin hreyfing á málin. Teljum við að svo sé vegna þeirrar tillögu sem Guðrún Helgadóttir bar upp í borgarstjórn þess efnis að hún beindi tilmælum til samningsaðila að hefja viðræður hið fyrsta um okkar mál".

Verkalýðsblaðið þakkar Örnu fyrir spjallið og óskar fóstrum góðs gengis í komandi samningastappi.
P.S. Rétt áður en greinin fór í prentun sömdu fóstrur á Akureyri, og fóru samning ar þannig að þær fá byrjunarlaun í 12.fl. en hækka strax um einn flokk eftir eitt ár og upp í 14.fl. eftir 6 ár. Þetta er góður áfangi sem við óskum þeim til hamingju með.

BSRB-samningar

framhald af forsíðu

forysta BSRB hingað til getað frestað gerð samninga án þess að semja um það sérstaklega.

Er lýðræðið gufað upp?

Forysta BSRB hefur mikið gumað af lýðræði innan samtaka opinberra starfsmanna og það með vissum rétti. En nú bregður svo við að þetta margrómaða lýðræði er týnt og tröllum gefið. Það er nefnilega ekki lýðræði að samninganefndin og stjórnin framlengi samninga sem samþykktir voru með allsherjaratkvæðagreiðslu í haust. Til þess hefur hún engan rétt, henni ber að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu.

En auðvitað á forystan röksemd fyrir þessu. Opinberir starfsmenn eru nefnilega að sögn Kristjáns Thorlacius orðnir leiðir á allsherjaratkvæðagreiðslum. Það má ekki ofnota lýðræðið.

Vissulega hefur þátttakan minnkað í allsherjaratkvæðagreiðslum um samninga. Hún var minni í haust til dæmis en haustið 1977. En þess ber líka að gæta að 1977 var verið að greiða atkvæði um tiltölulega góðan kjarasamning og þá var forysta BSRB tiltölulega herská ef nota má það orð um hana yfirleitt. En í haust lék forystan hlutverk fótaþurrku fjármálaráðuneytisins og hafði að auki gert allt sem í hennar valdi stóð til að drepa niður baráttuvilja opinberra starfsmanna með sífelldum drætti á samningum og undansætti á kröfunum.

Sannleikurinn er sá að forystan hefur einfaldlega verið hrædd við þá umræðu sem slík atkvæðagreiðsla myndi skapa.

- eb.

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Lausasala: kr. 4,00
Áskrift: kr. 60,00
Ársstuðningsáskr.: kr. 120,00
Áskr. til útl.: kr. 120,00

Verkalýðsblaðið

2.tbl. 10.árg. 4.3.1981

„Samstaðan er almenn“

Kjarabarátta fóstra hefur verið í brennidepli undanfarna daga. VBL hafði því samband við fóstru úr samninganefnd þeirra í Rvk., Örnu Jónsd. forstöðumann á Sunnuborg sem er dagheimili hér í bæ. Fer spjallið hér á eftir.

Niðurstaða sérkjarasamninganna.

VBL.: Arna, viltu rekja aðeins fyrst hvað gerðist í ykkar málum við sérkjarasamningana í jan. sl.?
Arna: Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar samdi fyrir okkar hönd við launamálanefnd borgarinnar og fóru samningar þannig að nú eru byrjunarlaun fóstra 11 fl. BSRB en hækkun upp í 12 fl. eftir 12 ára starf. Einnig var samið um að fóstrur fengju einn undirbúningstíma á viku. Við sættum okkur illa við þessi málalok þar sem kröfur okkar voru og eru 13.fl. í byrjun og hækkun um flokk eftir 2ja ára starf, og síðan aftur eftir 4 ár.
VBL.: Hver urðu viðbrögð ykkar?
Arna: Við héldum fund, fóstrur hjá Reykjavíkurborg, strax eftir samningana og voru niðurstöður hans þessar:
Áskorun var samþykkt til Starfsmannafélagsins og launamálanefndar um að hefja viðræður og endurskoðun á samningunum hvað varðar fóstrur og aðra í fóstrustöðum í Reykjavík. Var einnig ákveðið að frestur yrði gefinn til þess arna til 1.febr.s.l. en þá segðu fóstrur upp með 3ja mánaða uppsagnarfresti. Ekkert lífsmark barst frá samningsaðilum fyrir 1.feb. þannig að uppsagnirnar gengu í gildi. Aftur á móti lét Eyþór Fannberg form. Starfsmannafélagsins hafa það eftir sér í blöðum að ekki þýddi að "opna" samningana við einn launahóp því þá kæmi skriðan á eftir.
VBL.: Hver er helsti rökstuðningur ykkar fyrir þessum kröfum?
Arna: Við bendum á að kennarar eru í 13.fl. í byrjun en hækka síðan eftir 2 ár upp í 14.fl. Okkur finnst fóstrustörf og kennarastörf nokkuð hliðstæð hvað ábyrgð og álag snertir. Það má kannski segja að menntun kennara sé meiri því stúdentsprófs er krafist inn í KHÍ en ekki alfarið inn í Fóstruskólann. Þó eru þetta hvort tveggja 3ja ára nám. Og ekki má gleyma að kennarar fá mun meiri undirbúningstíma og ólíkt lengra frí á ári hverju. Ef við tökum fleiri launahópa til samanburðar má nefna röntgentækna og meinatækna sem hafa styttri undirbúningsmenntun en fóstrur en mun betri launakjör þ.e. meinatæknir byrja í 12.fl. og hækka mjög ört upp í 15. fl. en röntgentæknar byrja í 10.fl. og hækka upp í 14.fl. á 4 árum. Mig langar til að skjóta hér inn í að við fengum leiðréttingu hvað varðar þennan eina undirbúningstíma okkar í viku. Guðrún Helgadóttir kom fram með

framhald á síðu 7

Vaxandi kröfur hafa verið gerðar til fóstra. Þessi mynd var tekin er afhentir voru undirskriftarlistar með kröfum um næg og góð dagvistarheimili fyrir öll börn.

Jafnréttishreyfing á Akureyri

Verkalýðsblaðið hafði samband við Nönnu Mjöll Atladóttur á Akureyri og spurði hana um nýstofnaða jafnréttishreyfingu þar.

Í fyrravetur starfaði hópur er fjallaði um dagvistarmál. Hópur þessi kom saman í haust og ræddi þá myndun hreyfingar. I febrúar var svo haldinn fundur og mættu þar um 80 manns. Viku síðar komu svo um 60 manns á starfsfund og var þar skipt niður í hópa um ýmis mál. Fyrsti mánuðurinn hefur farið í umræðu um grundvöll og skipulag hreyfingarinnar. Þá hefur hreyfingin rætt fóstrumálið svo nefnda.

Rætt er um að hafa opið hús með kaffisamsæti þann 8. mars n.k.

Verkalýðsblaðið hvetur lesendur sína á Akureyri til virkrar þátttöku í jafnréttishreyfingunni.

-/ess.

Tíðindamaður Verkalýðsblaðsins hafði nýverið samband við skrifstofu Rauðsokkahreyfingarinnar og spurðist frétta af starfinu í vetur og því sem framundan væri.

Í haust er leið var haldin ráðstefna á Selfossi og var þar aðallega rætt um skipulagsmál. Eftir það voru haldnir tveir kynningarfundir og komu þar 60 nýliðar sem fóru í grunnhópa. Starfið hefur að mestu snúist inn á við og verið starfað í 14 grunnhópum.

Kvennahátíð var haldin 15. nóv en var ekki vel sótt. Má segja að nokkur lægð hafi verið í pólitíkinni almennt og bitnar hún einnig á Rauðsokkahreyfingunni.

Ákveðið hefur verið að Rsh taki sér sérstök ársfjórðungsverkefni er hreyfingin beiti sér öll við. Ekkert slíkt verkefni er í gangi núna en það verður ákveðið á næsta ársfjórðungsfundi.

Laugardagskaffi

Laugardagskaffi hefur verið fastur liður milli kl 12 - 13 á laugardögum. Hefur þar verið flutt framsaga um eitthvert mál og fyrirspurnir og umræður verið á eftir. Margvísleg mál hafa verið til umfjöllunar og hefur þetta fengið mjög góðar undirtektir.

Forvitin Rauð

Blaðhópur hefur verið starfandi og komu út 4 blöð á síðasta ári og er stefnt að því að svo verði einnig í ár. Næsta blað á að koma út í lok mars og verður aðalefni þess um konur og kynlíf.

8. mars

Ætlunin er að halda ráðstefnu þann 8.mars n.k. og þá líklega í Félagsstofnun stúdenta. Fyrir hádegi verða fluttar framsögur fulltrúa frá ASÍ, BSRB, jafnréttishóp í Háskólanum, Kvennréttindafélaginu og Rauðsokkahreyfingunni. Einnig verða flutt erindi um konur og tölvur. Umræður verða svo eftir hádegi.

Flóamarkaður

Fjárhagskröggur hrjá mjög hreyfinguna, einkum vegna þess að ekki hefur verið rukkað inn fyrir blaðið. Er því ætlunin að halda flóamarkað

til styrktar blaðinu.

Skrifstofa Rsh að Skólavörðustíg 12 er opin alla virka daga frá klukkan 17-18.30.

Starf Rauðsokka

Sönghópur Rauðsokkahreyfingarinnar skemmti í Félagsstofnun stúdenta á 8. mars í fyrra.

Lifi 8. mars – baráttudagur kvenna!